

# 52. AÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HÓTEL HAMAR  
24. MARS 2021

## Miðvikudagurinn 24. mars 2021

### Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar SSV um starfsemi liðins árs
2. Ársreikningur SSV og skýrsla endurskoðanda
3. Fjárhagsáætlun 2021 – var samþykkt á Haustþingi SSV 2020
4. Starfsáætlun 2021 – var samþykkt á Haustþingi SSV 2020
5. Kosning stjórnar og varastjórnar – ekki kosið í stjórn á þessu ári
6. Kosning í nefndir sem starfa milli aðalfunda – ekki kosið í nefndir að þessu sinni
7. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda
8. Kosning endurskoðanda
9. Önnur mál löglega fram borin

# FULLTRÚAR OG GESTIR Á AÐALFUNDI SSV 2021

---

## AKRANES

---

Rakel Óskarsdóttir, bæjarfulltrúi  
Ólafur Adolfsson, bæjarfulltrúi  
Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri  
Valgarður Lyngdal Jónsson, bæjarfulltrúi

## BORGARBYGGÐ

---

Davíð Sigurðsson, sveitarstjórnarfulltrúi  
Magnús S. Snorrason, sveitarstjórnarfulltrúi  
Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri

## DALABYGGÐ

---

Eyjólfur I. Bjarnason, oddviti  
Skúli H. Guðbjörnsson, sveitarstjórnarfr.  
Kristján Sturluson, sveitarstjóri

## EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

---

Atli Sveinn Svansson, sveitarstjórnarfr.

## GRUNDARFJARÐARBÆR

---

Jósef Ó. Kjartansson, bæjarfulltrúi  
Unnur Þóra Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi  
Hinrik Konráðsson, bæjarfulltrúi  
Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri

## HELGAPELLSSVEIT

---

Sif Matthíasdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi

## HVALFJARÐARSVEIT

---

Guðjón Jónsson, sveitarstjórnarfulltrúi  
Elín Ósk Gunnarsdóttir, sveitarstjórnarfr.  
Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri

## SKORRADALSHREPPUR

---

Árni Hjörleifsson, oddviti  
Ástríður Guðmundsdóttir, stjórn SSV

## SNÆFELLSBÆR

---

Björn H. Hilmarsson, bæjarfulltrúi  
Auður Kjartansdóttir, bæjarfulltrúi  
Svandís J. Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi  
Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

## STYKKISHÓLMSBÆR

---

Lárus Ástmar Hannesson, bæjarfulltrúi  
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, bæjarfulltrúi  
Haukur Garðarsson, bæjarfulltrúi  
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri

## STARFSMENN SSV

---

Björk Jóelsdóttir  
Hrefna Bryndís Jónsdóttir  
Margrét Björk Björnsdóttir  
Ólafur Sveinsson  
Ólöf Guðmundsdóttir  
Páll S. Brynjarsson  
Sigursteinn Sigurðsson  
Svala Svavarsdóttir  
Sædís Björk Þórðardóttir  
Thelma Harðardóttir  
Vífill Karlsson

## FULLTRÚAR OG GESTIR EFTIRFARANDI SAMSTARFSADILA SSV Á VESTURLANDI

---

Starfsendurhæfing Vesturlands  
Símenntunarmiðstöð Vesturlands  
Heilbrigðisnefnd Vesturlands  
Sorpurðun Vesturlands

## FUNDARSETNING

---

Páll S. Brynjarsson setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hann lagði til að Jakob Björgvin Jakobsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Þá kynnti hann tillögur um aðra embættismenn fundarins. Fundarstjóri tók við fundarstjórn og tilnefndi fulltrúa í kjörbréfanefnd.

**Fundarstjóri:** Jakob Björgvin Jakobsson

**Fundarritari:** Svala Svavarsdóttir

**Kjörbréfanefnd:** Linda Björk Pálsdóttir, Davíð Sigurðsson og Fríða Sveinsdóttir

Tillaga um starfsmenn fundarins og kjörbréfanefnd - **Samþykkt samhljóða**

### 1. SKÝRSLA STJÓRNAR

---

Venjan er að formaður SSV flytji skýrslu stjórnar en í fjarveru Lilju Bjargar Ágústsdóttur formanns flutti Páll framkvæmdarstjóri SSV skýrslu stjórnar að þessu sinni.

Páll fór yfir lög og markmið samtakanna ásamt því að segja frá starfshópi sem skipaður var af ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála til að gera úttekt á stöðu og hlutverki landshlutasamtaka. Starfshópurinn skilaði skýrslu um málið síðla árs 2020 og í henni koma fram tillögur að úrbótum í fimm liðum.

Aðalfundur SSV var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 15. júní 2020. Verkefni aðalfundar er fyrst og fremst að gera upp undangengið ár. Á sama degi og aðalfundur SSV fór fram héldu aðrir samstarfsaðilar sem að öllu leyti eða hluta til eru í eigu sveitarfélaga sína aðalfundi. Reynsla síðustu ára sýnir að markmiðið með þessum breytingum um að tryggja betra upplýsingaflæði og betri mætingu á aðalfundi tengdra aðila er að ganga eftir. Á aðalfund SSV mættu 50 fulltrúar og gestir.

Haustþing SSV fór fram í fjarfundabúnaði 16. október 2020. Alls sátu þingið 45 fulltrúar og gestir. Á þinginu voru lagðar fram tillögur að fjárhags- og starfsáætlunum fyrir árið 2021 og voru báðar tillögurnar samþykktar samhljóða. Fundarmenn störfuðu í fjórum nefndum á Teams í aðdraganda þingsins: fjárhagsnefnd, samgöngunefnd, atvinnumála- og umhverfisnefnd og nefnd um opinbera þjónustu. Í lok fundar lögðu þessar nefndir fram sínar ályktanir sem hlutu samþykki fundarins. Ávörp gesta fluttu Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Haraldur Benediktsson fyrir hönd þingmanna kjördæmisins og Aldís Hafsteinsdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sérstakt þema fundarins var staðsetning ríkisstarfa. Um þemað voru pallborðsumræður sem Hlédís Sveinsdóttir stýrði. Í pallborði sátu: Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra, Hólmfríður Sveinsdóttir starfsmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs og Vífill Karlsson hagfræðingur hjá SSV.

Stjórn SSV var kosin á aðalfundi 2020. Stjórn hélt alls 8 fundi á árinu og fóru fundirnir flestir fram á Teams. Auk hefðbundinna stjórnarfundu fundaði stjórn í tvígang með samráðsvettvangi Sóknaráætlunar Vesturlands, með Ungmennaráði og með þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

Þá fór Páll yfir starfsemi SSV á árinu. Hlutverk skrifstofu SSV sem er að halda utan um þau verkefni sem SSV eru falin með lögum, samningum sem SSV hefur við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf, við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- menningarmálaráðuneytið um Sóknaráætlun Vesturlands. Skrifstofa SSV hefur allt frá stofnun Sorpurðunnar Vesturlands árið 1999 haldið utan um rekstur félagsins. Í gildi er samningur um að SSV sinni þessu verkefni, auk þess hefur SSV samninga við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Starfsendurhæfingu Vesturlands um launaumsýslu. Litlar breytingar urðu á starfsmannahaldi hjá SSV árið 2020. Stöðugildi tveggja starfsmanna voru hækkuð um 0,2 og sumarstarfsmaður var ráðinn í sérverkefni í 3 mánuði. Í árslok 2020 störfuðu 9 starfsmenn hjá SSV í samtals 6,8 stöðugildum.

Í lögum SSV kemur fram að eitt af markmiðum samtakanna er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á Vesturlandi. Þetta er gert með ýmsum hætti, en flestir fundir voru færðir á Teams á árinu 2020. Helstu fundir voru: Formaður og framkvæmdastjóri SSV áttu fundi með fulltrúum annarra landshlutasamtaka, sátu fund landshlutasamtaka með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og tóku þátt í landsþingi sveitarfélaga sem og fjármálaráðsstefnu sveitarfélaga. Þarna voru ýmis málefni til umræðu.

Þá fær stjórn SSV til umsagnar ýmis lagafrumvörp og sendir frá sér umsagnir um nokkur mál. Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fund fjárlaganefndar um fjárlög fyrir árið 2021. Auk þess sem þeir áttu fundi með umhverfis- og samgöngunefnd og atvinnuveganefnd. Auk þess áttu starfsmenn SSV fundi með ráðuneytum og ríkisstofnunum vegna ýmissa mála. Fundir stjórnar SSV og sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi með þingmönnum kjördæmisins fór fram í október 2020. Þá skipulagði SSV fundi fyrir sveitarstjórnarfolk á Vesturlandi með ráðherrum og þingmönnum.

Annað af markmiðum SSV er að stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi á málefnum sveitarfélaga. Áhersla hefur verið lögð á að efla heimasíðu SSV og metnaður hefur verið lagður í að vera með ýmskonar tölfræði um Vesturland á síðunni, auk þessa að hafa aðgengilegar skýrslur og annað útgefið efni um landshlutann. Vífill Karlsson hagfræðingur á veg og vanda að þessum upplýsingum. Þá heldur SSV úti facebooksíðu og vefsíðu um Vesturland. Á árinu var farið í ítarlega greiningu á heimasíðunni sem fyrirtækið Grýluþúfa vann fyrir samtökin og er fyrirhugað að vinna ákveðnar úrbætur á síðunni á árinu 2021. Þá átti SSV aðila í vinnuhópi sem hefur verið að vinna að uppsetningu og velja efni inn á nýtt gagnatorg hjá Byggðastofnun. Einnig gerði SSV samning við sjónvarpsstöðina N4 um birtingu efnis í þáttunum “Að vestan”. Á árinu 2020 verkstýrði Vífill Karlsson stórrí íbúakönnun fyrir alla landshluta og birtust niðurstöður hennar snemma árs 2021 og hafa vakið mikla athygli.

Páll sagði frá nýjum samningi um Sóknaráætlun Vesturlands sem var gerður á árinu 2019 en gildir fyrir árin 2020 til 2024. Samningurinn felur fyrst og fremst þrennt í sér: mörkun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Vesturland, útfærslu og vinnu að sérstökum áhersluverkefnum fyrir landshlutann og rekstur á Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Stjórn SSV (12 fulltrúar) skipaði samráðsvettvang Vesturlands ásamt 18 einstaklingum sem komu frá atvinnulífi, fræðasamfélagi,

menningarlífi og öðrum haghöfum. Samráðsvettvangurinn fundaði í tvígang á árinu þar sem rætt var um áhersluverkefni sóknaráætlunar og farið yfir framgang hennar. Uppbyggingarsjóður úthlutaði styrkjum að upphæð 79,9 mkr. á árinu en þar af voru 20 mkr. í sérstaka öndvegisstyrki þar sem verið er að nýta uppsafnað fjármagn fyrri ára.

Þá sagði Páll frá störfum atvinnuráðgjafar SSV sem starfar í samræmi við samning Byggðastofnunar við landshlutasamtök um atvinnuráðgjöf í landshlutunum. Í gegnum samninginn kom tæplega 24 m.kr. fjárstuðningur til reksturs atvinnuráðgjafar, en í samningnum eru ákveðin verkefni skilgreind og eru þau mjög fjölbreytt svo sem. föst viðvera á flestum þéttbýlisstöðum á Vesturlandi, þátttaka og verkstjórn á sameiginlegum verkefnum landshlutasamtaka sveitarfélaga, fyrirtækjakönnun, íbúakönnun landshluta, þátttaka í vinnuhópum og verkefnum, innlendum sem erlendum, rannsókn Byggðastofnunar á búferlaflutningum, vinnuhópar um byggðaþróun á vegum Nora og Nordregio, veiting Nýsköpunarverðlauna SSV.

Páll fór yfir menningar- og velferðarmálin en vinnuhópur um öldrunarþjónustu hóf störf haustið 2020, ungmennaráðs Vesturlands fundaði fyrsta skipti í janúar 2020 og eru ýmis menningarverkefni í gangi. Þá var haldin ráðstefna um nýtingu félagsheimila og menningarhúsa og verkefni um samstarf safna er í gangi. Þá sér menningarfulltrúi SSV um ráðgjöf við umsækjendur í uppbyggingarsjóð og eftirfylgni með styrkveitingum og mat á framgangi verkefna

Þá sagði Páll frá starfsemi Markaðsstofu Vesturlands (MSV) en SSV hefur átt allt hlutfé frá árinu 2014. Stjórn samþykkti vorið 2020 að sameina starfsemi MSV og SSV sem þátt í að stofna Áfangastaðastofu landshlutans eins og stjórnvöld hafa kallað eftir. Vinnuhópur SSV gerði tillögu að nýju skipuriti í samræmi við þessar breytingar og fluttu starfsmenn MSV inn á Bjarnarbrautina á vormánuðum. Sameining reksturs SSV og MSV gekk formlega í gegn um síðustu áramót, hvað varðar starfsmannahald og fjármál.

Verkefni áfangastaðastofu eru margþætt en þar má nefna, stefnumótun, úttektir og ráðgjöf varðandi uppbyggingu innviða á áningarstöðum og útivistarleiðum á Vesturlandi. Þá er aðallega unnið með sveitarfélögum og landeigendum. Einnig eru unnið að þróunarverkefnum sem tengjast þróun gæða, vöru og þjónustu á Vesturlandi, unnið með hagaðilum og stoðþjónustu ferðamála, unnið að markaðsverkefni – markaðssetning og kynning á sérstöðu, seglum og þjónustu á Vesturlandi. Unnið með samstarfsaðilum Markaðsstofu Vesturlands og öðrum stofnunum í stoðþjónustu markaðsmála á Íslandi.

Fundarstjóri þakkaði Páli framsöguna.

## 2. ÁRSREIKNINGUR SSV

Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV kynnti ársreikning SSV

### Rekstrarreikningur

- |                           |                      |
|---------------------------|----------------------|
| ▪ Tekjur                  | kr. 142.613.905      |
| ▪ Gjöld                   | kr. 135.690.358      |
| ▪ Vaxtatekjur             | kr. 683.607          |
| ▪ Áhrif hlutdeildarféлага | kr. <u>2.350.212</u> |
| ▪ Rekstrarniðurstaða      | <b>kr. 9.957.366</b> |
- 
- Efnahagsreikningur
    - Eignir kr. 213.682.168 (Fasteign, bifreiðar, búnaður, kröfur og handbært fé)
    - Skuldir kr.126.924 (Skammtímaskuldir, óútgreiddir styrkir og langtímaskuld)
    - Eiginfjárreikningur kr. 87.506.244
  - Sjóðstreymi
    - Veltufé kr. 10.303.933
    - Handbært fé kr. 156.344.462

### FRÁVIKSGREINING:

- Tekjur
  - Fastar tekjur almennt aðeins yfir áætlun
  - Aðrar tekjur hærri vegna uppgjörs NVB ehf.
  - Í heildina eru tekjur hærri en áætlað kr. 7.200.000
- Gjöld
  - Launakostnaður hærri en áætlun kr. 2.600.000
    - Sumarstarfsmaður
    - Uppreiknað orlof
    - Laun vinnuhópa
  - Annar rekstrarkostnaður lægri kr. 4.300.000
  - Kostnaður vegna sóknaráætlunar hærri kr. 1.100.000
  - Afskriftir hærri kr. 1.200.000
  - Kostnaður hærri sem nemur kr. 1.000.000

### Þá fór Páll yfir Sóknaráætlun 2020

- Sóknaráætlun 2020
  - Framlög frá ríki og sveitarfélögum samtals **kr. 130.720.435**
    - Hefðbundin framlög kr. 89.801.849
    - Covid framlag kr. 28.400.000
    - Framlag sveitarfélaga kr. 12.496.500

- Notað árið 2020 kr. 132.721.836
  - Uppbyggingarsjóður kr. 59.910.000
  - Áhersluverkefni kr. 44.861.836
  - Umsjón kr. 12.000.000
  - Öndvegisstyrkir kr. 20.000.000
  
- Efnahagsreikningur, áhrif sóknaráætlunar
  - Eignir, óinnheimtar tekjur v. Sóknaráætlunar kr. 14.950.000
  - Skammtímaskuldir, ógreiddir styrkir kr. 48.061.250
  - Skammtímaskuldir, ógreiddur kostnaður kr. 5.809.283
  - Óúthlutað í árslok kr. 49.450.693

Fundarstjóri þakkaði Páli fyrir framsögu um ársreikning

Fundarstjóri bauð fulltrúa úr kjörbréfanefnd að koma upp. Davíð Sigurðsson gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Það vantaði 2 fulltrúa frá Borgarbyggð og 1 frá Akranesi.

Fundarstjóri sagði fund löglegan.

Fundarstjóri þakkaði kjörbréfanefnd fyrir.

Þá opnaði fundarstjóri fyrir umræður og fyrirspurnir um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Það sköpuðust góðar umræður um brýn mál á vettvangi samtakanna. Til máls tóku: Lárus Ástmar Hannesson, Árni Hjörleifsson, Jakob Björgvin Jakobsson, Björg Ágústsdóttir, Kristinn Jónasson, Ólafur Adólfsson, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Kristján Sturluson og Páll Snævar Brynjarsson.

Helstu umræðupunktur:

Ánægja með útkomu SSV í tengslum við úttekt starfshóps á stöðu og hlutverki landshlutasamtaka. Nefnt að samtökin ættu að varast að fara inn á pólitískt svið því skoðanir eru misjafnar í 10 sveitarfélögum og að samtökin eru fyrst og fremst hagsmunasamtök.

Umræða um að samræma siðareglur sveitarfélaga líkt og það er sameiginleg lögreglusamþykkt. Fram komu skoðanir með og á móti en þetta er mál sem sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi verða að ákveða.

Rætt var um styrki frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands og velt fyrir sér hvort það ættu að vera færri og stærri styrkir en ekki margir litlir eins og undanfarnar úthlutanir hafa verið. Áhyggjur af því að stór verkefni falli um sjálf sig því að styrkirnir sem koma eru lágir og dreift á svo marga og þá verði stóru verkefni ekki að veruleika. Hvatt til að endurskoða stefnu í styrkjámálum.

Rætt um framlag sveitarfélaganna til almannavarnarnefndar árið 2020 og framhald á framlagi. SSV og sveitarfélögin greiddu sérstakt framlag 2020 til að ráða verkefnastjóra til að vinna að uppfærslu á viðbragðsáætlunum almannavarna í tengslum við aukningu ferðamanna.



Lögreglustjóri hefur viðrað þá ósk að embættið hefði fastan starfsmann. Fram kom að kraftar starfsmannsins hefðu farið í önnur verkefni tengd Covid-19 og að það væri í raun kostnaður sem ríkið ætti að bera og einnig var spurt hverju hefur þessi vinna skilað. Kallað eftir að þessi umræða verði tekin og velt fyrir sér hvenær og hvar á að gera það en skýrsla er á leiðinni um þá vinnu sem hefur verið kláruð.

Spurt um velferðarstefnuna og hvernig hægt væri að nýta hana betur.

Mörg verkefni eru komin af stað, öldrunarmál, námskeiðahald, ósk um að skoða rekstrarumhverfi hjúkrunar- og dvalarheimila, búið að koma á starfandi ungmennaráði, verkefni tengt velferð barna og uppeldismálum, fjármögnun á námskeiðum fyrir starfsfólk félagsþjónustunnar, námskeið fyrir stjórnendur fyrirtækja til að styðja betur við nýbúa og búið að samþykkja í stjórn SSV að fara í viðræður við HVE varðandi útkomu á þeim þáttum sem spurt er um í íbúakönnun landshlutanna. Einnig rætt um að óska þyrfti viðbragða frá heilbrigðisráðuneytinu vegna skorts á fagfólki og að mikilvægt væri að taka þá umræðu. Þá kom fram að ná þyrfti fram betri heilbrigðisþjónustu og ná fram styrkari stoðum og standa saman í að efla Sjúkrahúsið á Akranesi.

Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga til samþykkis.

Skýrsla stjórnar SSV 2020 – **Samþykkt samhljóða**

Ársreikningur SSV 2020 – **Samþykkt samhljóða**

### 3. FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

---

Var samþykkt á Haustþingi 2020.

### 4. STARFSÁÆTLUN 2021

---

Var samþykkt á Haustþingi 2020.

### 5. KOSNING STJÓRNAR OG VARASTJÓRNAR

---

Samkvæmt lögum SSV skal kosning stjórnar og varastjórnar fara fram annað hvert ár. Kosið var í stjórn á aðalfundi 2020.

### 6. KOSNING Í NEFNDIR SEM STARFA Á MILLI AÐALFUNDA

---

Aðalfundur þarf ekki að kjósa í neinar nefndir að þessu sinni

---

## 7. ÁKVÖRÐUN UM LAUN OG ÞÓKNUN TIL STJÓRNAR OG NEFNDA Á VEGUM SSV

---

Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda. – Laun stjórnar SSV hafa hingað til verið ákveðið hlutfall af þingfararkaupi. Þingfararkaup í dag er kr. 1.210.368.

Hér er lagt til að hlutfall laun verði óbreytt sem þýðir að:

- Laun formanns stjórnar verði 5% af þingfararkaupi
- Laun annarra stjórnarmanna verði 2,5% af þingfararkaupi
- Laun formanna nefnda verði 3.32% af þingfararkaupi
- Laun nefndarmanna verði 1.66% af þingfararkaupi
- Fulltrúar í stjórnnum, ráðum og nefndum skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað. Auk þess sem þeir fá greiddan helming af dagpeningagreiðslu (innanlands) fyrir hvern fund.

### **Samþykkt samhljóða**

**Þá var samþykkt að endurskoða laun og fyrirkomulag launa hjá stjórn og vinnuhópum á vegum SSV fyrir næsta haustþing.**

---

## 8. KOSNING ENDURSKOÐENDA

---

Lagt var til að KPMG endurskoði ársreikninga SSV á árinu 2021.

### **Samþykkt samhljóða.**

---

## 9. ÖNNUR MÁL LÖGLEGA BORIN FRAM

---

Jakob tilkynnti að næst á dagskrá væru önnur mál en engin kvaddi sér hljóðs.

Þá bauð fundarstjóri Eyjólfur Ingva Bjarnasyni varaformann SSV að koma upp og slíta fundi.

Eyjólfur ræddi umhverfismálin og sagði brýna þörf á að sveitastjórnarfolk og SSV setji sig miklu betur inn í þann málaflokk. Þá velti hann því fyrir sér að jafnvel þyrfti SSV að gera sameiginlega umhverfisstefnu (sbr. samgöngustefna og velferðarstefna). Þarna er fjármagn í boði og sveitastjórnir þurfa að ákveða hvernig þau ætla að taka á málaflokknum.

Eyjólfur þakkaði fyrir fundinn og óskaði öllum góðrar heimferðar og sleit fundi kl. 15:28.